

Ed.

61. Frumvarp til laga

um eftirlit með útlendingum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „útlendingur“ eða „útlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

2. gr.

Mönnum, sem koma hingað til lands, skal óheimilt að stiga á land nema þeir hafi vegabréf eða önnur skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

3. gr.

Óheimilt er að afskrá hér á landi útlenda sjómenn án leyfis stjórnarráðsins. Skipstjóri ber ábyrgð á því, að afskráning útlendra sjómanna af skipi hans fari ekki fram án þess að greint leyfi sé fengið. Láti skipstjóri hjá líða að afla slíks leyfis eða setji óafskráðan útlendan sjómann á land, er hann, útgerð skipsins eða umboðsmenn hennar héraðs skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af ólöglegri dvöl sjómannsins hér á landi og af heimsendingu hans. Sömu viðurlögum varðar það fyrrgreinda aðilja, ef útlendur maður, sem unnið hefir óskráður á skipi, fer hér af skipinu án leyfis stjórnarráðsins.

Framangreindar reglur taka einnig til loftfara, eftir því sem við á.

4. gr.

Skipstjórar og loftfarstjórar eru skyldir til að halda skrá yfir farþega, sem þeir flytja hingað til lands frá útlöndum og héðan til útlanda. Löggæzlumenn og tollmenn skulu jafnan hafa aðgang að skráum þessum. Eftirrit af skrá yfir farþega frá útlöndum skal jafnan sent hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þegar eftir að skip eða loftfar hefir haft samband við land.

Ef skipstjórar og loftfarstjórar framfylgja ekki skyldum þeim, sem lög þessi og fyrirmæli dómsmálaráðherra um eftirlit með útlendingum leggja þeim á herðar, þá eru þeir, hlutaðeigandi útgerð og umboðsmenn hennar hér á landi skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af vanrækslu þeirra, svo sem kostnað vegna ólöglegrar dvalar útlendings hér á landi og af heimsendingu hans.

5. gr.

Ef útlendingur, sem ekki á fast heimilisfang hér á landi, kemur hingað til lands til þess að setja á stofn eða starfrækja fyrirtæki, leita sér atvinnu, fást við einhverja starfsemi í tekjuöflunarskyni eða taka sér hér fast aðsetur, þá skal hann ávallt áður en hann byrjar starfsemi sína og eigi síðar en innan viku frá komu sinni skýra lögreglustjóra, þar sem hann kemur fyrst á land, frá ætlun sinni og gera grein fyrir högum sínum.

Aðrir útlendingar, sem ekki eiga hér heimilisfang, skulu innan tveggja mánaða frá komu sinni tilkynna lögreglustjóra, þar sem þeir dvelja, um vist sína hér og tilgang dvalar sinnar.

Þeir útlendingar, sem tilkynningarskyldir eru samkvæmt fyrri ákvæðum greinar þessarar, skulu, ef þeir flytja úr einu lögsagnarumdæmi í annað, tilkynna það hlutaðeigandi lögreglustjórum. Svo skulu þeir og tilkynna lögreglustjóra, þar sem þeir síðast dvöldu, ef þeir flytja af landi brott.

Lögreglustjórar skulu halda nákvæma skrá yfir tilkynningarskylda útlendinga í umdæmi þeirra. Dómsmálaráðherra ákveður tilhögun skráanna.

6. gr.

Rétt er að meina þeim mönnum útlendum að stíga hér á land, setjast hér að eða dveljast hér, sem:

1. Eigi geta sannað eða gert sennilegt, að þeir fái framfært sig eða þá, sem á vegum þeirra eru, án þess að þiggja hér fátækrastrýk næstu 2 ár eftir að þeir hafa hingað flutzt.
2. Haldnir eru næmum sjúkdómi, enda þótt eigi sé lögskilt að beita sóttvörnum, ef landlæknir telur ástæðu til að meina mönnum landsvist þess vegna.
3. Gera eigi grein fyrir því eða skýra rangt frá því, í hvaða skyni þeir eru hingað komnir.
4. Komnir eru hingað til starfa eða athafna, sem dómsmálaráðherra telur ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum þeirra er að öðru leyti svo háttáð, að vist þeirra hér megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings.
5. Hefir verið vísað burt úr öðru ríki af ástæðum þeim, sem í 4. tölul. greinir.
6. Hafa orðið sekir, þar sem þeir hafa áður dvalizt, um verk, sem svívirðileg eru að almenningsáliti, eða lögregla þar lýsir eftir þeim vegna brota á landslögum þar.

7. gr.

Nú hefir útlendur maður sett að hér á landi, og skal þá vísa honum burt:

1. Ef hann verður hér sveitarstyrksþurfi.
2. Ef hann verður sekur, áður en hann hefir dvalizt hér full 5 ár samfleytt, að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti. Skal það þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dómnum.

8. gr.

Ef útlendur maður hefir sett að hér á landi eða tekið hér dvöl, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli verða af landi brott:

1. Ef hann vanrækir tilkynningarskyldu sína samkv. 5. gr.
2. Ef hann verður uppvís að því að hafa skýrt visvitandi rangt frá um atriði þau, sem í 6. gr. segir.
3. Ef svo reynist eða verður ástlatt um hann sem í 6. gr. 2. og 4.–6. tölul. segir.
4. Ef hegðun hans eða hagir að öðru leyti gefa tilefni til brottvísunar.

9. gr.

Nú er manni meinuð landsvist samkvæmt fyriræmum laga þessara, og skal hann þá flytja sig af landi burt ásamt skuldaliði sínu. Þó getur dómsmálaráðherra leyft honum eða þeim, sem á vegum hans hafa hér verið, landsvist framvegis, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Allur kostnaður, sem af brottvísun manns úr landi leiðir, greiðist af þeim, sem á brott er vísað, og má gera lögtak í eignum hans fyrir kostnaðinum. Að því leyti sem kostnaður greiðist ekki samkvæmt framansögðu, skal hann greiddur úr ríkissjóði.

10. gr.

Hver sá, sem gerir sér það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eigin hendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglumönnum skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni. Dómsmálaráðherra getur einnig skyldað forstjóra gistihúsa til þess að senda lögreglunni eftirrit úr gestabók.

11. gr.

Dómsmálaráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara og hafa strangt eftirlit með því, að lögreglustjórar og lögreglumenn framfylgi ákvæðum laganna. Hann ákveður samstarf þeirra við dómsmálaráðuneytið.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, einkum ef menn skjóta sér undan lögmæltu eftirliti, þegar þeir stíga hér á land.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, svo og reglugerð og fyriræmum, sem dómsmálaráðherra setur með heimild í lögnum, varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Ef sá maður, sem meinuð hefir verið landsvist hér eða vísað af landi burt samkvæmt lögum þessum, kemur aftur hingað til lands án þess að hann hafi til þess leyfi dómsmálaráðherra, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda sé honum gefið til vitundar í refsidómi eða í brottflutningsskipun, að endurkoma til landsins varði þessum viðurlögum.

Forstöðumann gistihúss má auk refsingar dæma til að hafa fyrirgert rétti til að halda gistihús eða standa fyrir gistihúsi eða veitinga, ef um er að ræða stórfellt eða ítrekað brot gegn ákvæðum 10. gr.

Tilraun til brota samkvæmt lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð og fyriræmum, settum samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ef halda þarf annars réttarrannsókn um hagi útlendra manna hér vegna einhverra atriða, varðandi framkvæmd laga þessara, þá skal hún fara að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög nr. 10 frá 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, eru úr gildi numin.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt samkv. ósk dómsmálaráðherra. Áskilja nefndarmenn sér óbundið atkvæði um einstakar greinar frv. og breytingartillögur, sem fram kunna að koma. Einn nefndarmanna (Þorst. Briem) var ekki á fundi, er ákvörðun var tekin um að flytja frv. Frá dómsmálaráðherra fylgdu frv. eftirfarandi athugasemdir:

Það hefir komið í ljós á síðustu árum, að brýn þörf er á að hafa nákvæmt og ýtarlegt eftirlit með útlendingum, sem koma hingað til lands, dvelja hér eða setjast hér að. Á erfiðleikatímum, eins og þeim, sem nú standa yfir, vill það verða svo, að til þess lands, sem ekki hefir nægilegt eftirlit með útlendingum, flytjist meira eða minna af fólki, sem hagsmunum almennings stafar bagi af. Hér getur verið um að ræða glæpamenn, aðra vandræðamenn og bjargþrotamenn. Það er auðsætt mál, að í jafnstrjálbyggðu og víðáttumiklu landi og Íslandi muni vera erfitt að hafa eins fullkomið eftirlit með útlendingum og æskilegt er. Gildandi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 10 frá 18. maí 1920, ná að ýmsu leyti of skammt. Er frumvarp þetta borið fram til þess að koma á ýtarlegri ákvæðum um ýms atriði, sem nauðsyn þykir til að hafa í lögum varðandi eftirlitið. Er hér öllu frekar um viðauka að ræða við núgildandi lög en breytingar á ákvæðum þeirra.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í 11. gr. gildandi laga segir, til hvorra manna þau lög taki, en í 1. gr. er tekið samsvarandi ákvæði, öðruvísi orðað, án þess að um efnisbreytingu sé að ræða.

Um 2. gr.

Hér er mönnum, sem koma hingað til lands, hvort sem eru íslenskir eða erlendir rikishorgarar, gert að skyldu að sýna skilríki fyrir því, hverjir þeir eru. Ætlazt er til, að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um, hverskonar skilríkja krafizt verður.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli, sem miða að því að koma í veg fyrir, að útlendir sjómenn eða þeir, sem ráðnir eru í loftför, verði eftirlitslaust skildir eftir hér á landi.

Um 4. gr.

Greinin er einnig nýmæli. Hér ræðir um þá menn, sem koma hingað til lands sem farþegar. Farþegaskrár eru lögboðnar til að létta eftirlitið. Rétt

þykir, að þeir, sem flytja farþega, beri ábyrgð á því, ef farþegaskrár eru ekki færðar, eða ef önnur vanræksla af þeirra hálfu á sér stað.

Um 5. gr.

Grein þessi, sem er nýmæli, fjallar um tilkynningarskyldu útlendinga. 1. málsg. varðar þá, sem koma hingað í þeim tilgangi, sem þar um ræðir, en 2. mgr. varðar aðra menn, svo sem skemmtiferðamenn, skólafólk, visindamenn o. s. frv. Þykir ekki rétt að gera þá tilkynningarskylda nema dvöl þeirra verði hér 2 mánuðir eða lengri. 3. mgr. varðar tilkynningarskyldu um flutning milli lögsagnarumdæma innan lands, eða úr landi.

Um 6.—11. gr.

Greinar þessar eru að mestu samhljóða 3.—8. gr. gildandi laga. Þó er í 8. gr. frumvarpsins rýmkuð heimild dómsmálaráðherra til að vísa mönnum úr landi, þar eð erfitt er að telja upp brottvisunarástæður svo tæmandi sé.

Um 12. gr.

Rétt þykir að setja það ákvæði í sambandi við refsiviðurlögin, að tilraunar- og hlutdeildarverknaðir séu refsiverðir, þar eð oft getur verið eins mikil ástæða að refsa fyrir þá eins og aðalverknaðinn.

Um 13.—15. gr.

Greinar þessar skýra sig sjálfar.